

Skólaráð Naustaskóla

7. fundur ársins 2013 þann 18. september 2013

Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon og Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Yrsa Hörn Helgadóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

Drög að starfsáætlun Naustaskóla skoðuð

- **Heimanám**
- **Námsmat**
- **Samstarf heimila og skóla**

Heimanám: Umræða var um eftirfarandi orðalag í textanum „Í undantekningartilfellum getur verið um að ræða að nemendur ljúki við ákveðin verkefni sem sem ekki tókst að ljúka í skólanum, en í þeim tilfellum skal ætíð haft samráð við foreldra“. Fannst sumum fundarmönnum orðalagið loðið og töldu að hægt væri að misskilja þetta orðalag. Í framhaldi af þessari umræðu ræddu fundarmenn viðhorf sín til heimanáms og höfðu mismunandi skoðanir á því. Fram kom hjá fulltrúum foreldra að þeim þótti fyrirlestur Guðmundar Engilbertssonar mjög einhliða. Einng kom fram sú skoðun hjá foreldrum að of lítið heimanám væri í unglिंगadeild Naustaskóla miðað við aðra skóla bæjarins, telja þeir að heimanám geti verið jákvætt sé það hæfilegt. Hjá fulltrúum kennara kom fram sú skoðun að foreldra þurfi að óska eftir heimanámi og að það þurfi alltaf að eiga sér stað með samstarfi heimilis og skóla.

Námsmat: Rætt um nýjar áherslur í námsmati í unglिंगadeild Naustaskóla sem er í takt við nýja aðalnámskrá. Rætt um að það samræmist ekki nýjum áherslum að færa einkunnir í verkefnabók úr könnunum. Heldur ætti að leggja áherslu á leiðsagnarmat þar sem leggja á áherslu á að hvetja nemendur áfram og benda á hvað þarf að laga og bæta. Vakin var athygli á að nemendasamtöl gætu verið rétti vettvangurinn til þess. Ábending um að gera þyrfti sýnishorn fyrir nemendur og foreldra þar sem hægt væri að sjá muninn á A og B verkefnum.

Athugasemd kom fram við eftirfarandi málsgrein „Miðað er við að frá og með hausti 2014 verði gert eins konar áfangamat hjá nemendum í 5. og 8. bekk, með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár við lok 4. og 7. bekkjar og þá verði foreldrum afhent formlegt námsmat og staðan tekin með hliðsjón af því.“. Fundarmönnum fannst óljóst hvernig framkvæmd þessa námsmats ætti að vera.

Samstarf heimila og skóla: Foreldrafulltrúar töldu starfsáætlun bekkjanna vera gott innlegg í upplýsingagjöf til foreldra og til fyrirmyndar. Foreldrafulltúar ætla að varpa fram þeirri spurningu, inn á aðalfund foreldrafélagsins, um hvernig best sé að haga samstarfi foreldra og skóla.